


Tilkynnt um meint brot starfsmanns gagnvart íbúa í
sértæku húsnæðisúrræði/vinnu- og virknimiðaðri
stoðþjónustu* **3 leiðir mögulegar**

*Sértækt húsnæðisúrræði er
skammtí mavistun, heimili fyrir
börn, búsetukjarni eða
sambýli.

*VVS=Gylfaflöt og lðjuberg



Ferill vegna meints brots starfsfólks í garð fatlaðs fólks í þjónustu hjá Reykjavíkurborg

Hvert er hægt að tilkynna og hver getur tilkynnt?

Öllum sem hafa grun um brot starfsmanns gagnvart íbúa í sértæku húsnæðisúrræði/vinnu – og virknimiðaðri stoðþjónustu ber að tilkynna um þau samkvæmt lögum um réttindagæslu nr. 88/2011. Brotapolarnir sjálfir geta tilkynnt, starfsfólk, aðstandendur eða aðrir aðilar. Hægt er að tilkynna hvort sem er munnlega eða skriflega til forstöðumanns þar sem viðkomandi varð fyrir meintu broti, framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvarinnar sem staðurinn heyrir undir, eða til teymis velferðarsviðs.

Upplýsingar um þjónustumiðstöðvar og framkvæmdastjóra þeirra er að finna hér:

<http://reykjavik.is/thjonustumidstodvar>

Einnig er hægt að fá upplýsingar um þá í þjónustuveri borgarinnar í síma 411-1111. Netfang:

upplysingar@reykjavik.is

Tengiliður miðlægs teymis á velferðarsviði er Anna Guðmundsdóttir,

anna.gudmundsdottir@reykjavik.is, sími 411-9033.

Meðferð tilkynninga:

Ef tilkynnt er til forstöðumanns, tilkynnir forstöðumaður um málið til framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvar og starfsmannastjóra á velferðarsviði. Þaðan er málið jafnframt tilkynnt til miðlægs teymis á velferðarsviði sem sinnir ráðgjöf varðandi meðferð ofbeldismála.

Ef tilkynnt er til framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvar, tilkynnir hann um málið til forstöðumanns á viðkomandi stað sem og til miðlægs teymis og starfsmannastjóra á velferðarsviði.

Ef tilkynnt er til miðlægs teymis, tilkynnir teymið til forstöðumanns, framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvar og starfsmannastjóra á velferðarsviði.

Í sumum tilvikum tilkynnir þjónustumiðstöð um málið til lögreglu og/eða barnaverndar út frá eðli máls/lögum og til réttindagæslu í samráði við þolanda. Í þeim tilvikum er starfsmaður sem grunaður er um brot settur í leyfi frá störfum á meðan á rannsókn máls stendur. Sannist brot á starfsmann er honum vikið úr starfi. Trúnaðarmaður/stéttarfélag skal vera inni í málinu.

Í öðrum tilvikum er málið kannað af miðlægu teymi og metur stjórnandi aðgerðir í samræmi við niðurstöðu þess. Niðurstaðan getur leitt til uppsagnar eða til þess að málið sé fellt niður. Lyktir málsins skal tilkynna öllum aðilum máls.

Þjónustumiðstöð tilkynnir um málið til lögreglu og/eða barnaverndar eftir eðli máls og/eða samkvæmt lögum. Málið er jafnframt tilkynnt til réttindagæslu með samþykki brotþola. Í framhaldi er farið með málið samkvæmt verkferli.

Miðlægt teymi ber ábyrgð á að halda yfirlit yfir tilkynningar og niðurstöður.

Staða máls:

Ef brotapolí, aðstandandi eða aðrir sem málið varðar vilja fá upplýsingar um stöðu máls geta þeir óskað eftir þeim hjá tengilið miðlægs teymis: Anna Guðmundsdóttir, netfang: anna.gudmundsdottir@reykjavik.is, sími 411-9033.